

85

Brjef stjórnarráðsins til landsímastjórans um hækkun símagjalda.

25. júní

Samkvæmt tillögum yðar, herra landssímastjóri, hefir stjórnarráðið ákveðið samkvæmt 8. gr. laga nr. 12, 20. október 1905, að símagjöld innanlands skuli hækkuð frá 1. júlí næstkomandi eins og hjer greinir:

Símskeytagjöld: 10 aurar fyrir orðið og minsta gjald 1 króna; fyrir blaðaskeyti hálf gjald og minsta gjald 1 króna. Fyrir póstaðvísana-símskeyti 2 krónur, án tillits til orðafjölda. Fyrir innanbæjarskeyti hálf gjald, en minst 50 aurar. Viðaukagjald fyrir skrauteyðublöð 50 aurar. Fyrir afhendingu símskeyta í talsíma 40 aurar fyrir hver 100 orð eða færri.

Talsímagjöld:

15 aura gjaldið	hækki í	25 aura;
25 — — —	-	35 — ;
35 — — —	-	50 — ;
50 — — —	-	75 — ;
75 — — —	-	100 — ;
100 — — —	-	150 — ;
125 — — —	-	175 — ;
150 — — —	-	225 — .

Enn fremur hækki gjald fyrir talsímatæki alskonar verslunarfyrtækja og þeirra, sem sjerstaklega mikið nota síma, um 40% og uppsetningar- og flutningsgjald um 100%.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari aðgerða og birtingar.

86

30. maí.

Hafnarreglugjörð

fyrir Siglufjarðarkauptún.

I. Takmörk hafnarinnar.

Siglufjarðarhöfn tekur yfir þann hluta Siglufjarðar, sem liggur sunnan við línu dregna úr Selgili í Selvíkurnef.

II. Hafnargjöld og lestargjöld.

1. Öll skip (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem mæld eru 8 smálestir eða stærri, skulu greiða hafnargjöld af öllu farmrúminu, hvert skifti er þau leggjast við akkeri, bryggju eða aðrar festar á Siglufjarðarhöfn eftir að þau hafa komið frá útlöndum, eða, ef um skip er að ræða, sem að eins ganga hafna